



**Styrktarfélagið**  
**Broskallar**  
Ársreikningur 2022

kt: 531015-0290

Lundi 9

200 Kópavogi



# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla stjórnar .....	2
Áritun endurskoðanda .....	3
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Skýringar .....	8

# Skýrsla stjórnar

---

Styrktarfélagið Broskallar eru góðgerðarsamtök sem stofnuð voru á árinu 2015. Tilgangur styrktarfélagsins er að efla menntun með stuðningi tölvutækni.

Ársreikningur þessi er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og eru allar fjárhæðir í íslenskum krónum.

Samkvæmt rekstrarreikningi varð tap af rekstri félagsins 6.106.338 kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins í árslok 3.704.676 kr. og eigið fé var 3.704.676 kr.

Stjórn Styrktarfélagsins Broskalla staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 22. mars 2023



---

**Gunnar Stefánsson**

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa Styrktarfélagssins Broskallar

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Styrktarfélagssins Broskallar fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Styrktarfélaginu Broskallar í samræmi við lög um endurskoðendur og endurskoðun nr. 94/2019 og settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Styrktarfélagssins Broskallar. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.


---

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðferðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
  - Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
  - Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
  - Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.
- Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 22. mars 2022

  
Sveinbjörn Sveinbjörnsson  
löggiltur endurskoðandi



Gæðaendurskoðun slf  
Bíldshöfða 14, 110 Reykjavík



## Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Framlög og styrkir .....		14.856.758	18.150.000
		<u>14.856.758</u>	<u>18.150.000</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Styrkir útgreiddir .....		14.252.202	10.563.662
Annar rekstrarkostnaður .....		6.709.681	3.736.796
		<u>20.961.883</u>	<u>14.300.458</u>
Rekstrarhagnaður (tap) án fjármagnsliða .....	(	6.105.125)	3.849.542
		<u>( 6.105.125)</u>	<u>3.849.542</u>
Vaxtatekjur .....		26.137	1.972
Vaxtagjöld .....	(	27.350)	( 4.150)
		<u>( 1.213)</u>	<u>( 2.178)</u>
<b>Hagnaður (tap) ársins .....</b>	(	<u>6.106.338)</u>	<u>3.847.364</u>





## 31. desember 2022

---

### Skuldir og eigið fé

	Skýr.	2022	2021
<b>Eigið fé:</b>			
Hrein eign .....		3.704.676	9.811.014
Eigið fé	5	<u>3.704.676</u>	<u>9.811.014</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Skuldir við tengda aðila .....		<u>0</u>	<u>308.276</u>
Skuldir samtals		<u>0</u>	<u>308.276</u>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<u><u>3.704.676</u></u>	<u><u>10.119.290</u></u>

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir og ýmsar grunnupplýsingar

1. Styrktarfélagið Broskallar er skráð að Lundi 9, 200 Kópavogi og er það heimilisfesti félagsins.
2. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
3. Styrkir og framlög eru tekjufærð þegar þau berast.

## Veltufjármunir

### Skammtímakröfur

4. Handbært fé félagsins er í formi bankareikninga, inneignar hjá PayPal og vegna fyrirframgreidds kreditkort í eigu félagsins.

	2022	2021
Landsbankinn, innistæða .....	2.631.536	8.651.538
Landsbankinn, fyrirframgreitt kreditkort .....	345.311	1.429.953
Paypal reikningur, inneign .....	585.161	37.365
Wise reikningur, inneign .....	136.508	0
Handbært fé samtals .....	<u>3.698.516</u>	<u>10.118.856</u>

## Eigið fé

5. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hrein eign	Samtals
Hrein eign 1.1.2022 .....	9.811.014	9.811.014
Afkoma ársins .....	( 6.106.338)	( 6.106.338)
Hrein eign 31.12.2022 .....	<u>3.704.676</u>	<u>3.704.676</u>

## Önnur mál

6. Styrktarfélagið Broskallar fær rafmyntina Broskallar (SmileyCoin, SMLY) í styrki og við kaup nemenda á spjaldtölvum, matvörum, dömubindum o.fl. í bókasöfnum. Heildareign félagsins um áramót var um 6,70 mia SMLY. Styrktarfélagið fékk að auki tvo eyrnamerkta styrki, annan til kaupa á SMLY og hinn til gerðar kynningarefnis.

## Sundurliðanir

	2022	2021
<b>Framlög og styrkir</b>		
Fengnir styrkir .....	11.356.758	18.150.000
Styrkur vegna kaupa á rafmyntum .....	1.500.000	0
Styrkur vegna kynningarefnis .....	2.000.000	0
	<b>14.856.758</b>	<b>18.150.000</b>
<b>Vörukaup og útgreiddir styrkir</b>		
Styrkir útgreiddir .....	5.086.272	10.563.662
Vörukaup spjaldtölvur .....	9.165.930	0
	<b>14.252.202</b>	<b>10.563.662</b>
<b>Annar rekstrarkostnaður:</b>		
<u>Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður:</u>		
Burðagjöld .....	184.227	94.683
Pappír, prentun og ritföng .....	0	96.720
Rekstur tölvukerfis .....	0	1.100.993
Reikningshaldsleg þjónusta .....	882.691	694.400
Kaup á rafmyntum .....	500.000	1.750.000
Styrkur til kaupa á rafmyntum .....	1.500.000	0
Aðkeypt þjónusta .....	980.348	0
Ferðakostnaður .....	662.415	0
Styrkur til kynningarefnis .....	2.000.000	0
	<b>6.709.681</b>	<b>3.736.796</b>
Samtals:		